

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Skipulags- og  
byggingarfulltrúi



ÖLFUS

Þorlákshöfn, 20. mars 2024

Hafnarberg 1  
815 Þorlákshöfn, Iceland  
+354 480 3800 [olfus.is](http://olfus.is)

## Umsögn Sveitarfélagsins Ölfus um matsskyldutilkynningu vegna Hótels í Hveradölum

Sveitarfélaginu Ölfus hefur borist umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunnar varðandi matsskyldu vegna byggingar Hótels í Hveradölum.

Skipulagsvald er í höndum Sveitarfélagsins Ölfuss sem einnig er leyfisveitandi vegna útgáfu á framkvæmda- og byggingarleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda eftir því sem við á.

Baðlón í Hveradölum hefur nú þegar farið í gegnum umhverfismat og er það mat sveitarfélagsins að hótélbyggingin sem slík kalli ekki á nýtt mat. Að öðru leyti telur sveitarfélagið að skýrslan geri vel grein fyrir þeirri framkvæmd sem fyrirhuguð er.

Virðingarfyllt

EMBÆTTI SKIPULAGSFULLTRÚA  
SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS  
20. MAR. 2024  
Sigurður Steinar Asgeirsson  
Skrifstofu- og verkefnastjóri  
Umhverfis- og framkvæmdasvið

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Garðabær, 14. mars 2024  
Málsnúmer: 202402-0045  
IAS

## Efni: Nýtt hótél í Hveradölum – ákvörðun um matskyldu.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun frá 14. febrúar 2014, í gegnum skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt hótél í Hveradölum – ákvörðun um matskyldu.

Eigandi Skíðaskálans í Ölfusi (Heklubýggð ehf.) hyggst efla ferðaþjónustu á staðnum og byggja þar um 6.000 m<sup>2</sup> og um 150 herbergja hótél. Gildandi deiliskipulag og umhverfismatferli sem lauk 2022 gerir hins vegar ekki ráð fyrir hótelinu, og skv. tl. 12.04 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana fellur framkvæmdin í flokk B þar sem heildarbyggingarmagn í Hveradölum verður meira en 5.000 m<sup>2</sup>.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð framkvæmdaaðila og kemur með eftirfarandi athugasemdir og ábendingar.

Framkvæmdasvæðið er innan háhitasvæðis Hengilsins, þar sem undirsvæðin Hellisheiði og Hverahlíð liggja saman. Rétt austan við framkvæmdasvæðið er jarðhiti á yfirborði og undanfarin ár hefur hann færst til suðurs og nær nú m.a. undir hringveginn. Í ljósi nýtingar jarðhitans og þeirra umbrota sem nú eru í gangi á Reykjanesskaga er mögulegt að jarðhitavirkni á yfirborði geti breyst frekar og ætti að hafa það í huga ef farið verður í framkvæmdir.

Framkvæmdasvæðið er ekki á náttúruminjaskrá en svæði 752, Hengilssvæðið, er austan við það og svæði 753, Eldborgir og Lambafell, er vestan við það. Þá er svæðið að hluta á nútímahrauni en þar sem því hefur þegar verið raskað hefur verndargildi hraunsins rýrnað.

Ásýndaráhrif verða talsverð en mögulega má draga úr þeim við hönnun hótels og bílastæða.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi og umhverfisáhrifum og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur



Reykjavík, 12.mars 2023

## Efni: Kynning á ákvörðun um matsskyldu vegna uppbyggingar á hóteli í Hveradölum

Nú liggur fyrir tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu vegna uppbyggingar á hóteli í Hveradölum (mál nr.164/2024 í skipulagsgátt). Um er að ræða 6.000 m<sup>2</sup> hótél við Skíðaskálann með allt að 150 herbergjum, alls verður hægt að taka á móti allt að 350 gestum. Jafnframt er gert ráð fyrir 100 bílastæðum við núverandi Skíðaskála.

Orkuveitan er landeigandi á svæðinu og er í gildi lóðarleigusamningur milli aðila frá árinu 2014, sem er til 50 ára. Heimildir leigutaka samkvæmt lóðarleigusamningi taka til uppbyggingar á svæðinu, m.a. hótels, og er því í samræmi við heimildir leigutaka. Í nefndum samningi eru allar framkvæmdir þó háðar samþykki leigusala og jafnframt að leigutaki sé upplýstur um starfsemi leigusala á svæðinu og þær takmarkanir sem það kunni að valda.

Í greinagerðinni sem er til kynningar er staðreyndavilla í kafla 1.2 en þar kemur fram að Heklubyggð ehf. sé landeigandi en eins og tilgreint hefur verið hér að ofan þá er fyrirtækið leigutaki en ekki landeigandi og óskar Orkuveitan eftir lagfæringu á því.

Orkuveitan vill benda á mikilvægi þess að öll uppbygging og framtíðarstarfsemi falli innan hinnar leigðu lóðar eins og núverandi áætlanir gera ráð fyrir en að öðru leyti er ekki um frekari athugasemdir að hálfu landeiganda að ræða.

Virðingarfyllst,

Belinda Eir Engilbertsdóttir  
Hópstjóri lóða og lendna



**Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**

Selfossi, 14. mars 2024  
2402082HS SHJ

**Efni: Nýtt hótél í Hveradölum, nr. 0164/2024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd til ákvörðunar um matsskyldu**

Þann 14. febrúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar byggingar nýs hótels í Hveradölum í Ölfusi.

Fyrirhugað hótél er staðsett á lóð Skíðaskálans í Hveradölum norðan Suðurlandsvegar í mynni Stóradals sem gengur inn í Reykjafell. Í hlíðinni austan við Skíðaskálann er hverasvæði. Vestan við fyrirhugað hótél gert ráð fyrir baðlóni ásamt baðhúsi á vegum Hveradala ehf., en sú framkvæmd hefur lokið matsskylduferli sbr. álit Skipulagsstofnunar í júní 2022. Í því umhverfismati voru aðeins metin möguleg umhverfisáhrif fyrirhugaðs baðlóns og baðhúss sem staðett er á lóð Hveradala ehf., en ekki fyrirhugaðra framkvæmda sem heimilar eru á lóð Heklubýggðar ehf. skv. gildandi deiliskipulagi. Í gildandi deiliskipulagi fyrir Hveradali, sem nær yfir ofangreindar tvær lóðir, er hins vegar ekki gert ráð fyrir hóteli og því þarf að gera deiliskipulagsbreytingu til að framkvæmdin samræmist skipulagi.

Um er að ræða nýtt allt að 6.000 m<sup>2</sup> hótél með allt að 150 herbergjum fyrir um 350 gesti á þegar röskuðu svæði innan lóðar Skíðaskálans í Hveradölum. Gert er ráð fyrir bílastæði fyrir 154 einkabíla og 5 rútur á malbikuðu bílastæði með niðurföllum tendum við olfuskilju. Í gildandi deiliskipulagi er skipulagður reitur fyrir sameiginlegt hreinsivirki sem mun taka við fráveitu sem var áætluð 800 pe frá öllu svæðinu miðað við mesta álag. Skv. tilkynningunni er gert ráð fyrir að fjöldi persónueininga frá 150 herbergja hóteli á Suðurlandi séu um 288 við allra mesta álag og því þurfi að stækka hreinsistöðina sem því nemur.

Að mati framkvæmdaraðila er ásýnd nýrrar hótélbyggingar séð frá þjóðvegi 1 sá þáttur sem líklegastur er til að hafa áhrif á umhverfið, en áhrifin vari stutt þar sem sá hópur sem helst verði fyrir ásýndaráhrifum keyri framhjá svæðinu á 90-100 km hraða. Þá telur framkvæmdaaðili að umhverfisáhrif á gróður og fuglalíf, jarðmyndanir og landslag og ásýnd séu óveruleg þar sem svæðið er þegar raskað og gert er ráð fyrir uppbyggingu í samræmi við þegar samþykkt deiliskipulag. Áhrif framkvæmdarinnar talin jákvæð á útivist og ferðamennsku en engin á fornleifar þar sem engar fornleifar



finnast innan framkvæmdasvæðisins. Skv. tilkynningunni er hvorki gert ráð fyrir vöktun á umhverfisþáttum né sérstökum mótvægisáðgerðum vegna framkvæmdarinnar, t.a.m. til að vernda hverasvæðið austan við framkvæmdasvæðið, enda hafi fyrri áðgerðir heppnast mjög vel að mati framkvæmdaraðila.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. HSL telur að magn skólps frá fyrirhuguðu hóteli, mælt í persónueiningum, sé vanmetið. Í greinargerðinni er gert ráð fyrir að losun skólps frá hótelinu nemi 288 pe við allra mesta álag. Útreikningurinn virðist byggja á fjölda herbergja á hótelinu en ekki fjölda gesta, en persónueining er skilgreind sem magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem einn einstaklingur er að jafnaði talin losa frá sér á sólarhring. Hótel eru almennt með notkunarstuðulinn 2, m.a. vegna mikillar vatnsnotkunar gesta, og því eru persónueiningarnar tvöfaldaðar. Þá kemur áætlaður fjöldi starfsmanna ekki fram í tilkynningunni né heldur hvort veitingastaður verði á hótelinu, kaffihús, bar eða önnur þjónusta sem aðrir en næturgestir á hótelinu koma til með að nýta sér, en taka þarf tillit til slíks þegar losun skólps frá rekstrinum í heild sinni er umreiknuð í persónueiningar.
2. Gert er ráð fyrir malbikuðu bílastæði með niðurföllum tengdum við olíuskilju, en ekki er gerð grein fyrir því hvers vegna sú lausn varð fyrir valinu. Skoða þarf m.t.t. magns úrkomu á svæðinu hvort mögulega sé heppilegra að gera ráð fyrir öðrum lausnum við meðhöndlun affallsvatns af bílastæðum, þar sem mikið vatnsflæði á stuttum tíma getur haft neikvæð áhrif á virkni mengunarvarnarbúnaðar á borð við olíuskiljur.
3. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþættina *gróður og fuglalíf, jarðmyndanir og landslag og ásýnd* séu vanmetin, sérstaklega í ljósi samlegðaráhrifa með öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu. Embættið bendir í þessu samhengi á álit Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum baðhúss og baðlóns frá 27. júní 2022, en þar kemur fram að stofnunin telji áhrif þeirrar framkvæmdar nokkuð neikvæð á ofangreinda umhverfisþætti og að hún komi til með að hafa varanleg neikvæð sjónræn áhrif á afmörkuðu svæði og þá helst þegar horft er yfir svæðið úr hlíðum Reykjafells eða úr lofti.

HSL telur jafnframt að tilkynningin geri ekki fullnægjandi grein fyrir mögulegum samlegðaráhrifum hótelsbyggingarinnar, annarra fyrirhugaðra framkvæmda innan sömu lóðar og uppbyggingu baðlóns og þjónustuhúss á lóð Hveradala ehf. á þá umhverfisþætti sem tilkynningin fjallar um. Að mati HSL eru töluverðar líkur á samlegðaráhrifum þar sem framkvæmdirnar eru staðsettar í mikilli nálægð við hverja aðra innan sömu landslagsheildarinnar í Hveradölum, auk þess sem gert er ráð fyrir að mannvirkin nýti sömu neysluvatnsveitu og fráveitu innan svæðisins.



Jafnframt er bent á að möguleg umhverfisáhrif annarra framkvæmda, sem eru heimilar skv. gildandi deiliskipulagi innan sömu lóðar og fyrirhugað hótél, voru ekki metin í matsferli vegna baðlóns og þjónustuhúss. Þessar framkvæmdir eru heldur ekki til umfjöllunar nú, en um er að ræða 1.500 m<sup>2</sup> gróðurhús/þjónustuhús, 500 m<sup>2</sup> stækkun á gamla skíðaskálanum, 650 m<sup>2</sup> skíða- og útivistabyggingar, 3 ha skíðasvæði og klifurgarð/zip-line.

Því telur embættið að gera þurfi grein fyrir umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar uppbyggingar innan svæðisins í heild sinni, ekki einungis vegna hótelsins, jafnvel þótt framkvæmdunum sé áfangaskipt.

4. Ekki er gert sérstaklega gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum eða vöktun umhverfis í tengslum við framkvæmdina, en HSL telur að huga þurfi að slíku vegna aukins straums ferðamanna að t.a.m. viðkvæmum jarðmyndunum og hverasvæði í næsta nágrenni framkvæmdanna og að það sé á sameiginlegri ábyrgð framkvæmdaaðila í Hveradölum.

Embættið telur að öðru leyti að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar.

Í ljósi framangreinds metur embættið málið sem svo að framkvæmdin kalli á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana sbr. einkum liði 1.i, 1.ii, 1.iii, 1.iv, 2.i, 2.iv (c), 3.i, 3.iv, 3.v og 3.vii.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir eftirtalinni starfssemi starfsleyfi:

- *gististadir* skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti,
- *veitingastadir* skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og rgl. nr. 941/2002 um hollustuhætti,
- *vatnsveita* skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og rgl. nr. 536/2001 um neysluvatn
- *fráveita* skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og rgl. nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. *efnisnámi, fyllingum þar sem endurnýttur er ómengaður jarðvegur, verktakaaðstöðu auk starfsmannabúða* skv. ofangreindum lögum nr. 7/1998 og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrönn*

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Jakob Gunnarsson  
Sérfræðingur, Svið umhverfismats  
[Jakob.Gunnarsson@skipulag.is](mailto:Jakob.Gunnarsson@skipulag.is)



## Umsögn vegna matsskyldufyrirspurnar fyrir Nýtt hótél í Hveradölum, Ölfusi.

Mál nr. 164/2024

Síða 1/1

Vegagerðin hefur yfirfarið matsskyldu greinargerð fyrir Nýtt hótél í Hveradölum, Ölfusi, sem unnin er af Eflu verkfræðistofu dags 07.02.2024.

Vegagerðin bendir á að sérstakt samráð skal vera vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar bílastæða og tengingu við Suðurlandsveg, Hringveg (1-d8).

Vegagerðin telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni í matsáætlun og telur að með samráði verði þeir þættir sem snúa að starfssviði Vegagerðarinnar tryggðir.

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Rannveig María Jóhannesdóttir  
Landfræðingur  
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt

**Vegagerðin**  
Breyðumýri 2  
800 Selfossi  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 12. mars 2024  
MÍ202403-0089/ 6.07 / K.M.

## Efni: Hveradalir í Sveitarfélaginu Ölfusi. Hótel.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um umsögn um matsskyldu  
ofangreindrar framkvæmdar.

Eigandi Skíðaskálans í Hveradölum, Heklubyggð ehf., hyggst efla  
ferðþjónustu á staðnum og byggja þar um 6.000 m<sup>2</sup> hótél með um 150  
herbergjum. Í ágúst 2023 var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir  
Hveradali í Ölfusi sem gerir ráð fyrir aukinni ferðþjónustu á svæðinu og  
uppbyggingu í tengslum við þá þjónustu, þar á meðal nýju baðlóni og  
baðhúsi. Uppbygging baðlóns og tengdra framkvæmda fór í fullt mat á  
umhverfisáhrifum og lauk því ferli með álitni Skipulagsstofnunar í júní  
2022. Hóтелиð var ekki með í því umhverfismati og því er það til  
umfjöllunar nú.

Í greinargerð framkvæmdaaðilans kemur fram að hótelið verði staðsett  
innan lóðar skíðaskálans í Hveradölum. Hóтелиð verði á flötu svæði um  
250 m norðan þjóðveggar 1. Deiliskipulagssvæði Hveradala nær yfir tvær  
lóðir. Sú vestari er í eigu Hveradala ehf., þar er fyrirhuguð uppbygging á  
baðlóni og starfsemi því tengdu. Þessar framkvæmdir eru  
framkvæmdaraðila, Heklubyggð ehf., á eystri lóðinni óviðkomandi.  
Fyrirhugað hótél mun að hluta rísa á reit 06 í gildandi deiliskipulagi og  
að hluta á svæði sem skipulagt er sem bílastæði. Í greinargerðinni segir  
að hótelið sjálft verði á þegar röskuðu svæði sem í dag sé að hluta nýtt  
sem malarbílaplan en sé að hluta slétt grasflöt. Til að gefa hótelinu  
pláss þá er uppröðun húsa hliðrað til frá því sem gildandi deiliskipulag  
gerir ráð fyrir. Jafnframt eru bílastæðin færð nær Suðurlandsvegi, frá  
miðsvæðinu sem verður fyrir gangandi. Í gildandi deiliskipulagi er gert  
ráð fyrir 100 bílastæðum við Skíðaskálann, á nýju plani nær  
Suðurlandsvegi verður pláss fyrir 154 einkabíla og 5 rútur á malbikuðu  
stæði. Í greinargerðinni segir að nýja hótelið, og aðrar nýjar byggingar á  
lóðinni, muni vitna í byggingarstíl eldri bygginga sem eru og voru á  
svæðinu til að mynda heildstæða ásjúnd.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv.  
20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds.  
Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum  
rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni  
um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald  
svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is



Fjallað er um fornminjar í kafla 4.4 í greinargerð Heklubyggðar ehf. Eins og þar kemur fram skoðaði minjavörður Suðurlands svæðið á sínum tíma. Við athugun minjavarðar fundust 3 tóftir suðaustan Skíðaskálans sem minjavörður taldi að væru ummerki ræktunartilrauna þýsks staðarhaldara, og inni í Stóradal fundust leifar um mögulegt hundahús og vatnsstíg þar við.

Fyrir liggja tvær skýrslur þar sem greint er frá skráningu fornleifa á svæðinu. Annars vegar skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá 1988, sem unnin var fyrir Árbæjarsafnið, *Fornleifar á afrétti Ölfushrepps – Fornleifaskráning á Hengilssvæði III*. Og hins vegar skýrsla Fornleifaverndar ríkisins frá árinu 2008, *Hengill og umhverfi – fornleifaskráning*. Svæðið sem var undir þegar skráningarnar voru gerða var mjög stórt. Ekki var einblínt á nærumhverfi skíðaskálans eins og gera hefði þurft ef skráð hefði verið vegna deiliskipulags þess.

Á skipulagsupprætti eru útlínu lítillar rústar sýndar við vesturjaðar reits 01 rétt norðan við mörk reits 02. Í heimildum segir að þarna hafi verið hundkofi. Minjavörður Suðurlands fór á sínum tíma fram á að tóftin yrði rannsökuð ef raska ætti henni vegna framkvæmda á svæðinu. Tilgangur rannsóknarinnar væri annars vegar að kanna hlutverk rústarinnar og hins vegar að reyna að komast að aldir hennar.

Dagana 12. – 19. sept. 2016 grófu starfsmenn Fornleifafræðistofnunnar þrjú könnunarskurði í tóftina. Niðurstöður rannsóknarinnar birtust í skýrslu, *Hveradalir. Rúst í Hveradölum, Ölfus í Árnassýslu*. Tóftin skiptist í þrjú hólf og var einn skurður grafinn í hvert þeirra. Niðurstaða rannsóknarinnar var að þarna hafi verið reistur braggi í seinni heimstyrjöldinni. Þrjú rými voru í bragganum, vistarvera, kyndiklefi og geymsla. Engin merki fundust um hundahús sem áður var talið að hefði verið reist ofan í braggarústina. Leifar braggans eru frá seinni heimstyrjöldinni og teljast ekki til fornleifa skv. lögum um menningarminjar. Í 3. gr. laganna segir að til fornleifa teljist hvers kyns mannvistarleifar sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Í umsögn minjavarðar Suðurlands, dags. 12.10.2015, um tillögu að deiliskipulagi í Hveradölum var vakin athygli á þremur tóftum suðaustan við Skíðaskálann. Í umsögninni kom fram að svo virtist sem þær væru allar ummerki ræktunartilrauna frá því á 20. öld. Staðsetning og útlínur tóftanna eru sýndar á upprætti í gildandi deiliskipulagi og umhverfis þær hefur verið dregin hringur sem markar friðhelgað svæði. Tóftunum stafar ekki hætta af fyrirhugaðri uppbyggingu hótels á svæðinu.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta*

*friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



---

Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri